

MYRKIR  
MÚSÍKDAGAR  
26.01 - 28.01 2017


Yrkja

**YRKJA - uppskerutónleikar / YRKJA - Young Composers**

12:00 / 12am

Norðurljós

Ókeypis aðgangur / free admission



Efnisskrá / Program:

Finnur Karlsson

Strik (2016) - heimsfrumflutningur / world premiere

Þráinn Hjálmarsson

Perpendicular / Slightly tilted (2016) - heimsfrumflutningur / world premiere

Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Hrekkur (2016) - heimsfrumflutningur / world premiere

Flytjandi / performer: Sinfóníuhljómsveit Íslands / Iceland Symphony Orchestra (listi hljóðfæra-leikara má finna á bls. XY / list of instrumentalist can be found on page XY).

Stjórnandi / conductor: Daníel Bjarnason

## YRKJA

YRKJA er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnanna. Markmið YRKJU er að veita tónskáldum hagnýta reynslu á fyrri hluta starfsferils þeirra – brúa bilið milli háskólanáms og starfsferils. Verkefnið undirbýr tónskáldin fyrir faglega vinnu með stærri hljómsveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum hérlendis og erlendis. Tónskáldin fá þannig tækifæri til að þróa hæfileika og listrænan metnað, fá starfsreynslu og mynda mikilvæg tengsl innan tónlistargeirans.

Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og eru þátttakendur í YRKJU hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. YRKJA felur í sér ráðgjafaviðtöl í Tónverkamiðstöð um starfsferil tónskáldsins ásamt því að standa að fundum allra YRKJU-tónskáldanna þar sem þau deila reynslu sinni af verkefninu og skiptast á hugmyndum.

YRKJA með Sinfóníuhljómsveit Íslands veitti þremur tónskáldum – þeim Finni Karlssyni, Þráni Hjálmarssyni og Þórunni Grétu Sigurðardóttur – tækifæri til að vinna með hljómsveitinni undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar tónskálds og hljómsveitarstjóra. Þessi tími með Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur veitt þeim einstakt tækifæri til að þróa færni sína í að semja verk fyrir stóra hljómsveit og vinna með hljóðfæraleikurum í sérstökum tónskáldastofum, ásamt því að þau hafa fengið innsýn í innra starf hljómsveitarinnar. Afraksturinn eru þrjú glæný, íslensk hljómsveitarverk sem frumflutt verða á Myrkum músíkdögum 2017.

YRKJA nýtur styrkja frá Reykjavíkurborg og Tónskáldasjóði RÚV.

YRKJA is a career development programme for new Icelandic composers managed by the Iceland Music Information Centre. The programme pairs selected composers with relevant music institutes and the goal is to provide the composers with practical experience at the start of their careers, to prepare them for professional work with orchestras, festivals and other art institutes both at home and abroad. YRKJA focuses on the creative process. It allows the composers both to develop their skills and artistic ambitions as well as form valuable connections within the cultural sector, while at the same time providing them with professional experience.

YRKJA focuses on the process of composition and its participants are encouraged to develop their creative techniques and ideas. The programme includes advice through interviews at the Iceland Music Information Centre and the Centre also provides all participating composers the opportunity to meet, exchange ideas and share their experiences of the programme.

YRKJA, with the Iceland Symphony Orchestra, provided three emerging Icelandic composers – Finnur Karlsson, Þráinn Hjálmarsson and Þórunn Gréta Sigurðardóttir – with a unique opportunity to work with a full symphony orchestra under the mentorship of Daníel Bjarnason, composer, conductor and ISO's Artist in Residence. During the programme, they worked closely with orchestral members, acquainted themselves with the inner workings of the orchestra and developed their skills in composing works for large symphonic orchestra – a working period which culminated in the three new works which will be premiered at Dark Music Days, 2017.

YRKJA is supported by the City of Reykjavík and the Icelandic National Broadcasting Service.

## Daníel Bjarnason

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar m.a. nefna Los Angeles Philharmonic, New York Philharmonic, Toronto Symphony Orchestra, Cincinnati Symphony Orchestra, Melbourne Symphony Orchestra, BBC Scottish Symphony Orchestra, Adelaide Symphony Orchestra, Britten Sinfonia og Sinfonietta Cracovia auk Hljómsveitar Íslensku óperunnar

og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig hefur hann starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder, Ilan Volkov og Louis Langrée auk þess að eiga samstarf við ýmsa tónlistarmenn á borð við Sigurrós, Ben Frost, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur einnig stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á Ástardrykknum, Rigoletto, Töfraflautunni og La bohème. Daníel hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community: Processions (2010), Solaris (2012) og Over Light Earth (2013). Hann hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir margþættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



Icelandic conductor and composer Daníel Bjarnason is currently artist in residence with the Iceland Symphony Orchestra. From season 16/17, Daniel will be composer in residence at the Muziekgebouw Frits Philips Eindhoven. A co-curator of the Los Angeles Philharmonic's Reykjavik Festival, Daniel will be featured as both a conductor and composer in Los Angeles in April 2017.

Recent and upcoming commissions include works for the Los Angeles Philharmonic, Cincinnati Symphony Orchestra, Rambert Dance Company, Britten Sinfonia, Jennifer Koh, So Percussion and the Calder Quartet. Daníel is writing his first opera for the Danish National Opera in Aarhus and will be premiered in August 2017 as part of the Aarhus – Culture Capital of Europe celebrations. Based on the Susanne Bier film Brothers, the opera will be directed by Kasper Holten, and Steffen Aarfing will create the stage design. The librettist is Kerstin Perski.

Daníel Bjarnason's music has been performed by conductors such as Gustavo Dudamel, John Adams, James Conlon, André de Ridder, Louis Langrée and Ilan Volkov. Daníel's versatility has also led to collaborations with a broad array of musicians outside the classical field including Sigur Rós, Brian Eno, Efterklang and Ben Frost.

Daníel Bjarnason is published by Peters Edition.

<http://danielbjarnason.net/>

## Finnur Karlsson

Finnur Karlsson lauk bakkalárprófi í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2012 og mastersnámi í tónsmíðum frá Konunglega danska konservatoríinu vorið 2015. Helstu tónsmíðakennarar Finns hafa verið Hans Abrahamsen, Úlfar Ingi Haraldsson, Atli Ingólfsson, Simon Löffler og Niels Rosing-Schow. Finnur leggur nú stund á frekara framhaldsnám (d. Solistklassen) í tónsmíðum við Konunglega danska konservatoríið.

Verk Finns hafa meðal annars verið flutt af Barokkbandinu Brák, Copenhagen Phil, Decoda, Elektra Ensemble, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Slowind, strokkvartettinum Sigga, TAK og Ventus. Finnur var staðartónskáld Sumartónleika í Skálholtskirkju 2015, en verkið sem pantað var af hátíðinni, Fold, var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2015.

Finnur er meðlimur í tónskáldakollektívinu Errata ásamt Báru Gísladóttur, Halldóri Smárasyni, Hauki Þór Harðarsyni og Petter Ekman.

Finnur Karlsson graduated with a bachelor's degree in composition from the Iceland Academy of the Arts in the spring of 2012 and a masters degree from the Royal Danish Academy of Music in the spring of 2015. Finnur's main composition teachers have been Hans Abrahamsen, Úlfar Ingi Haraldsson, Atli Ingólfsson, Simon Löffler and Niels Rosing-Schow. Finnur is currently working on an advanced postgraduate diploma (Danish: Solistklassen) at the Royal Danish Academy of Music. Finnur's music has been performed by ensembles like Brák Baroque Band, Copenhagen Phil, Decoda, Elektra Ensemble, Iceland Amateur Symphony Orchestra, Siggi String Quartet, Slowind, TAK and Ventus. Finnur was the Composer in Residence at the Skálholt Summer Concerts music festival in 2015, and was nominated to the Iceland Music Awards 2015 for 'Fold'; the piece commissioned by the festival.

Finnur is, along with Báru Gísladóttir, Halldór Smárason, Haukur Þór Harðarson and Petter Ekman, a member of the composer collective Errata.

<http://www.finnurkarlsson.com/>

## Þráinn Hjálmarsson

Tónlist Þráins hefur verið lýst af gagnrýnendum sem "innhverfri, sveimtónlistarlegri, fállega unninni, fíngerðri og nostursamlegri" sem og "heillandi og töfrandi!".

Verk Þráins hafa verið flutt víða um heim af hinum ýmsu tilefnum af ýmsum flytjendum og hljóðfærahópum. Má þar nefna Basel Sinfonietta, BBC Scottish Symphony Orchestra, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, CAPUT, Njúton, Athelas sinfonietta, Uusinta Ensemble, Ensemble Klang, Nordic Affect auk margra annarra.

Þá hefur tónlist hans verið leikin við ýmis tækifæri á borð við hátíðir eins og Norræna Músikdaga, CULTURESCAPES 2015 – Island, Nordlichter Biennial, Myrka músikdaga, Tectonics Reykjavík og Glasgow, UNM auk fjölda annarra.

Þráinn nam tónsmíðar við Konunglega konservatoríið í Den Haag og við Listaháskóla Íslands á árunum 2009-2011. Þráinn er meðlimur tónskáldasamtakanna S.L.Á.T.U.R. og heldur hann utanum tónleikaröðina Hljóðönn, sem tileinkuð er samtímatónlist og haldin er af Lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, Hafnarborg.

Á meðal þeirra þverfaglegra verkefna sem Þráinn hefur unnið að, má telja þróun hljóðfærisins Þránófónn, í samstarfi við myndlistarmanninn Halldór Úlfarsson og tónskáldið Inga Garðar Erlendsson, sem og gerð myndlistarverksins Lágmynd (e. Relief) [2015] í samstarfi við myndlistarmanninn Sigurð Guðjónsson.

### Þráinn Hjálmarsson

Hjálmarsson's music has been described by critics as "introvert, a bit ambient, beautifully made, [and] delicate.", in addition of being "fascinating and enchanting!"

Hjálmarsson's music has been performed worldwide on various occasions by performers, orchestras and ensembles worldwide such as Basel Sinfonietta, BBC Scottish Symphony Orchestra, Reykjavík Chamber Orchestra, Iceland Symphony Orchestra, CAPUT, Njúton, Athelas sinfonietta, Uusinta Ensemble, Ensemble Klang and Nordic Affect to name a few. At festivals such as Cycle 2015 – Music and art festival, Nordlichter Biennial, CULTURESCAPES 2015 – Island, Tectonics Music Festival in Glasgow and Reykjavík, Dark Music Days and at Peripheriberry concert series among others. Hjálmarsson studied composition at the Iceland Academy of the Arts and the Royal Conservatory in Den Haag from 2009-2011 and is a current member of the Icelandic composers' collective S.L.Á.T.U.R. (Society of Artistically Obtrusive Composers around Reykjavík) and curator of the contemporary music concert series, Hljóðön (English: Phonemes) at Hafnarborg Museum.

Collaboration is a large part of Hjálmarsson's artistic work. Collaborating with various musicians, designers and visual artists on various projects. There amongst is the development of the musical instrument, Thranophone, in collaboration with the visual artist Halldór Úlfarsson and composer Ingi Garðar Erlendsson, and collaboration on the video work, 'RELIEF' (2015), with the visual artist Sigurður Guðjónsson, to name a few.

<http://thrainnhjalmarsson.info/>

<https://www.facebook.com/thrainnhjalmarsson>

### Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Þórunn Gréta Sigurðardóttir lauk diploma prófi í tónsmíðum frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, B.A. gráðu frá Listaháskóla Íslands og M.Mus. gráðu frá Hochschule für Musik und Theater in Hamburg. Hún hefur auk þess sótt masterklassa og vinnustofur í tónsmíðum, píanóleik og spuna á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi. Hún hefur rannsakað ýmis svið samtíma tónleikhúss og samband tónlistar við texta og máhljóð. Þórunn Gréta er formaður Tónskáldafélags Íslands frá 2015.

Þórunn Gréta Sigurðardóttir holds a diploma in composition from Reykjavík College of Music, B.A. from the Iceland Academy of the Arts and a M.Mus. from the Hochschule für Musik und Theater in Hamburg, Germany. She has attended several masterclasses and workshops in composition, piano performance and improvisation in Iceland, Denmark, Norway, Sweden and Germany. Many of her most recent works have been experiments on the form of contemporary music theatre and music in relation to text and phonetics. Þórunn Gréta is the chair of the Icelandic Composers' Society since 2015.